

Miðvikudagurinn 12. maí 1999 kl. 12:00

126. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 14/1999

Kvörtun vegna mismunandi samkeppnisstöðu gleraugnaverslana

I.

Erindið og málavextir

1.

Í erindi, dags. 27. nóvember 1998, fara Samtök verslunarinnar þess á leit við Samkeppnisstofnun að kannað verði hvort starfsemi gleraugnaverslunarinnar Optical Studio, sem rekin er í fríhöfninni í Flugstöð Leifs Eiríkssonar, samræmist ákvæðum samkeppnislaga. Ennfremur segir að það sé skoðun samtakanna að þessi starfsemi brjóti í bága við ákvæði tollalaga og laga um virðisaukaskatt. Fjármálaráðuneytið telji hins vegar að svo sé ekki, en samtökin séu ósammála þeirri túlkun ráðuneytisins þar sem starfsemin virðist vera andstæð þeim meginreglum sem gilda um tollfrjálsa verslun til ferðamanna.

Í erindinu segir ennfremur að gleraugnaverslunin hafi verið sett á stofn í fríhöfninni í kjölfar útboðs, þar sem boðin voru verslunarrými í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Í umræddu rými hafi, samkvæmt útboðinu, átt að reka verslun með útsöluvörur og/eða kynningarvörur. Forsvarsmenn gleraugnaverslunarinnar í Keflavík hafi boðið með frávíkstilboði í eitt af þeim rýmum, sem til boða stóðu, í þeim tilgangi að reka þar gleraugnaverslun. Í upphafi hafi það verið skilningur aðila, að í versluninni myndi eingöngu vera boðið upp á sólgleraugu. Var gerð athugasemd við tilboðið, þar sem talið var, að um svo mikil frávik frá skilmálum væri að ræða að hafna bæri tilboðinu. Á þessa skoðun var ekki fallist og var gengið til samninga um útleigu á viðkomandi rými.

Ennfremur segir að verslunin sem rekin er á fríhafnarsvæðinu sé í beinum tengslum við tvær verslanir utan fríhafnarsvæðisins. Farþegum, sem leið eigi um flugstöðina, hafi verið boðið að velja sér umgjardir og gler í annarri hvorri versluninni sem staðsett er utan fríhafnarinnar, en fá gleraugun síðan afhent

fullgerð í fríhafnarversluninni gegn greiðslu þar. Ekki virðist heldur vera nauðsynlegt að kaupandinn sé sjálfur á leið um fríhafnarsvæðið heldur geti hann látið einhvern annan, sem á leið þar um, nálgast vöruna. Einnig virðist viðkomandi geta afhent gleraugnaseðil (recept) í fríhafnarversluninni, greitt fyrir gler og gleraugu og nálgast gleraugun annað hvort á heimleið erlendis frá eða í annarri hvorri versluninni utan fríhafnarsvæðisins. Öll þessi viðskipti fari fram án þess að aðflutningsgjöld og virðisaukaskattur séu greidd. Samkeppnisstaða verslunarinnar á fríhafnarsvæðinu og þeirra verslana sem eru í beinum tengslum við hana, en utan fríhafnarsvæðis, sé þannig mun betri heldur en annarra gleraugnaverslana sem ekki geti boðið viðskiptavinum sínum skattfrjáls viðskipti.

Ennfremur segir að samtökin hafi farið þess á leit við fjármálaráðuneytið að kannað yrði lögmæti þeirrar starfsemi sem hér um ræðir í því skyni að jafna samkeppnisstöðu annarra verslana utan svæðisins. Fjármálaráðuneytið hafi svarað þessari málaleitan með bréfi, dags. 30. október sl., og komist að þeirri niðurstöðu, sem byggist á umsögn ríkistollstjóraembættisins, að starfsemin brjóti ekki í bága við ákvæði tollalaga, laga um virðisaukaskatt eða reglna settra á grundvelli þeirra.

2.

Erindið var sent utanríkisráðuneytinu til umsagnar með bréfi, dags. 21. desember 1998. Svar barst frá ráðuneytinu, dags. 22. janúar 1999. Þar segir m.a. að í Flugstöð Leifs Eiríkssonar séu reknar á vegum ríkisins tollfrjálsar verslanir, sbr. reglugerð nr. 95/1981. Um eins árs skeið hafi einnig verið reknar verslanir í flugstöðinni á vegum einkaaðila, sbr. heimild í 74. gr. tollalaga nr. 55/1987, en þjónustusvæði til þeirra nota í flugstöðinni hafi verið boðin út á árinu 1997.

Ennfremur segir í umsögn utanríkisráðuneytisins:

„Samtökin staðhæfa í erindi sínu til Samkeppnisstofnunar að viðskiptavinir geti valið sér umgjarðir og gler í verslunum, sem sami eigandi rekur í Keflavík og Reykjavík. Gleraugun fái þeir svo afhent í versluninni í flugstöðinni, sem er á frísvæði gegn greiðslu þar.

Að mati utanríkisráðuneytisins gæti þetta átt sér stað með tvennum hætti. Annars vegar að efni til gleraugnagerðar (gler og umgjarðir) eða gleraugun fullbúin yrðu flutt í flugstöðina og afhent kaupanda þar. Utanríkisráðuneytið

vill af þessu tilefni benda á að 94. gr. tollalaga kemur í veg fyrir að unnt sé að beita aðferð sem þessari. Ákvæðið leggur þá skyldu á þann sem flytur vöru til og frá frísvæði að tilkynna það viðkomandi tollyfirvöldum. Samkvæmt upplýsingum frá tollyfirvöldum á Keflavíkurflugvelli hefur eigandi umræddrar verslunar gætt þess sérstaklega vel að hafa í heiðri þær reglur sem gilda um flutning varnings inn á frísvæðið. Tollyfirvöld fari vandlega yfir öll skjöl er varða slíkan flutning og skoði auk þess varninginn til að fullvissa sig um að gerð sé grein fyrir honum með réttum hætti á skjölum. Það sé því harla lítið sem bendi til þess að fullyrðing Samtaka verslunarinnar eigi við rök að styðjast. Auk þess er vandséð hvaða hagræði verslunareigandinn hefur af því að flytja inn á frísvæðið varning, sem hann hefur þegar fengið tollafgreiddan og greitt af öll lögboðin gjöld.

Hins vegar gæti þetta ferli verið með þeim hætti, að verslunin í Keflavík eða Reykjavík tæki við tilvísunum frá augnlækni, tilvísanirnar yrðu þá færðar í flugstöðina og gleraugun búin til þar. Um þetta atriði getur verslunareigandinn einn upplýst.

Í erindi Samtaka verslunarinnar segir einnig að viðskiptavinir virðist geta afhent tilvísun í versluninni í flugstöðinni, greitt fyrir gleraugu og sótt þau á heimleið erlendis frá eða í verslun utan flugstöðvarinnar. Um þetta atriði má að nýju vísa til 94. gr. tollalaga; varningur verður ekki fluttur af frísvæði án þess að tollyfirvöld hafi afskipti af því. Auk þess mun eigandi gleraugnaverslunarinnar í flugstöðinni hafa keypt tækjabúnað til gleraugnagerðar er gerir honum kleift að útbúa gleraugu á 15 mínútum. Þetta tæki mun hafa verið forsenda þess að hann gæti rekið gleraugnaverslun á þessum stað, þar sem viðskiptavinirnir eru eðli málsins samkvæmt tímabundnir.

Að öðru leyti bendir ráðuneytið á að sumar þeirra verslana, sem starfræktar eru í flugstöðinni, eru einnig reknar utan hennar, t.d. í Reykjavík. Auk þess eru nær allar vöruhegundir sem seldar eru í þessum verslunum, þ.m.t. Frihafnarversluninni, fáanlegar í ýmsum verslunum um allt land. Sumar verslananna gefa út bæklinga þar sem tilgreint er verð og aðrar upplýsingar um vörur er þær hafa á boðstólum. Í lögum er ekkert sem kemur í veg fyrir að viðskiptavinir verslana í flugstöðinni skoði varning, sem þeir hafa hug á að kaupa, í verslun utan flugstöðvarinnar en kaupir svo vöruna við brottför eða komu í flugstöðinni vegna þess að verð sé þar hagstæðara. Á þetta einnig við um umrædda gleraugnaverslun í flugstöðinni.

Með vísan til þess sem hér greinir getur utanríkisráðuneytið ekki fallist á að slík háttsemi viðskiptavina gleraugnaverslunarinnar í Flugstöð Leifs Eiríkssonar leiði til þess að viðskiptahættir verslunareigandans í flugstöðinni brjóti í bága við ákvæði samkeppnislaga nr. 8/1993.”

3.

Eins og fram kemur í erindinu svaraði fjármálaráðuneytið Samtökum verslunarinnar vegna þessa máls með bréfi, dags. 30. október 1998. Þar segir m.a.:

„Ráðuneytið óskaði með bréfi, dags. 15. maí og 19. september sl. eftir umsögn embættis ríkistollstjóra um erindið. Í umsögn ríkistollstjóra, dags. 13. október sl., er fjallað um umkvörtunarefni samtakanna í þremur liðum, sem hér segir:

- 1. Að tengsl gleraugnaverslunarinnar í Leifsstöð við aðrar gleraugnaverslanir utan flugstöðvarinnar valdi því að viðskiptavinir geti sótt tiltekna þjónustu (val á umgjörð og glerjum) í þær verslanir, en fengið fullgerð gleraugu afhent í versluninni í Leifsstöð þegar þeir eiga leið þar um. - Ríkistollstjóri telur að það sem máli skipti varðandi þetta atriði sé hvar kaupin voru gerð. Ekki skipti máli þótt kaupin hafi verið undirbúin annars staðar, t.d. með vali á umgjörð til að spara tíma. Slík fyrirhyggja farþega í tímaþröng geti vart talist brot á tollalögum eða öðrum lögum hafi kaupin verið gerð í hinni tollfrjálsu verslun.*
- 2. Að engin nauðsyn virðist vera á því að viðkomandi sé sjálfur á leið til útlanda því hann geti fengið einhvern kunnugan sér til að nálgast vöruna. - Um þetta atriði segir í umsögn ríkistollstjóra að það sé forsenda tollfríðinda að vara sé vegna persónulegra nota viðkomandi eða skylduliðs, en ekki í atvinnuskyni, sbr. 20. tölul. 1. mgr. 6. gr. tollalaga nr. 55/1987 og 1. mgr. 3. gr. rgl. nr. 251/1992. Samkvæmt lagabókstafnum sé því óheimilt að kaupa fyrir aðra í tollfrjálsri verslun, en því lagaboði verði hins vegar ekki framfylgt í raun.*
- 3. Að unnt sé að afhenda „recept“ í tollfrjálsu versluninni í Leifsstöð og nálgast gleraugun síðar við heimkomu eða í verslun utan frihafnarsvæðisins. - Ríkistollstjóri telur ekkert benda til þess að þetta atriði eigi við rök að styðjast. Það sé óstaðfest að rekstraraðilinn flytji vörur í leyfisleysi í aðrar verslanir utan flugstöðvarinnar. Ef rétt reyndist vera teldist það að líkindum vera brot á tollalögum og þeim skilmálum sem rekstraraðilanum beri að starfa eftir.*

Í umsögn ríkistollstjóra kemur enn fremur fram að rekstraraðilinn segist vilja vera þekktur af því að geta veitt fullkomna þjónustu og afhenda fullbúin gleraugu á 15 mínútum að jafnaði. Þess er einnig getið að tíðkast hafi um langan tíma í Frihöfninni á Keflavíkurflugvelli að aðilar hafi fengið að geyma fyrirferðarmeiri hluti, keypta við brottför, þar til þeir kæmu heim en þá fengið þá afhenta fyrir tollafgreiðslu. Þetta fyrirkomulag hafi ekki þótt aðfinnsluvert og ókunnugt sé um að efi hafi vaknað um lögmæti þessa.

Hvað varðar athugasemdir í erindi samtakanna um að vinna við gleraugu í versluninni sé umfram það sem heimilt sé í tollfrjálsri verslun, segir í umsögn ríkistollstjóra að í starfsreglum verslunarinnar og annarra sambærilegra verslana í Leifsstöð sé gert ráð fyrir að þessir aðilar geti veitt vissa þjónustu í tengslum við reksturinn. Telja verður að umrædd viðvik rúmist innan þess sem eðlilegt sé að telja til starfsemi gleraugnaverslunar og sé því lögmætt.

Niðurstaða ríkistollstjóra er sú að ekki sé tilefni til að halda því fram að starfsemi Gleraugnaverslunarinnar Leifsstöð samrýmist ekki tollalögum, virðisaukaskattslögum eða starfsfyrirmælum sem henni hafa verið sett. Önnur spurning sé hins vegar, sem ekki verði leitast við að svara, hvort þessi starfsemi sé eðlileg með hliðsjón af hagsmunum samkeppnisaðila.

Ráðuneytið tekur undir skoðanir og sjónarmið í umsögn ríkistollstjóra. Umrædd gleraugnaverslun hefur fengið heimild stjórnvalda til sölu á vöru án aðflutningsgjalda til brottfararfarþega í flugstöðinni. Skv. 20. tölul. 1. mgr. 6. gr. tollalaga og 1. mgr. 1. gr. rgl. nr. 251/1992 er ferðamönnum heimilt við komu til landsins að hafa með sér varning að heildarfjárhæð allt að 36.000 kr., þó að því tilskildu að ekki sé um innflutning í atvinnuskyni að ræða. Samkvæmt þessum heimildum getur ferðamaður keypt gleraugu án gjalda við brottför úr landi og flutt þau síðan aftur með sér til landsins við heimkomu. Um skyldu til greiðslu aðflutningsgjalda við innflutninginn fer þá eftir því hvort verðmæti þeirra vara sem ferðamaður hefur með sér til landsins séu innan þeirra marka sem tilgreind eru í 1. mgr. 1. gr. rgl. nr. 251/1992. Ef ferðamaður hefur meiri verðmæti með sér til landsins án þess að greiða aðflutningsgjöld af því sem umfram er, er um að ræða tollalagabrot af hálfu viðkomandi ferðamanns, en ekki verslunarinnar. Ekki verður séð að máli skipti hvort smíði gleraugnanna hafi að einhverju leyti verið undirbúin hér á landi, enda fari um greiðslu gjalda með sama hætti og aðra vöru sem seld er úr landi.

Ráðuneytið tekur undir það með embætti ríkistollstjóra að spurning geti verið hvort starfsemi gleraugnaverslunarinnar í Flugstöð Leifs Eiríkssonar sé eðlileg með hliðsjón af hagsmunum samkeppnisaðila. Ákvörðun um það hvaða verslunarstarfsemi er rekin í flugstöðinni heyrir hins vegar undir utanríkisráðuneytið en ekki fjármálaráðuneytið. Ráðuneytið telur því ekki ástæðu til að fjalla sérstaklega um þetta álitaefni.“

Með bréfi, dags. 21. desember 1998, var fjármálaráðuneytinu gefinn kostur á að koma á framfæri frekari athugasemdum vegna málsins. Svar barst, dags. 29. janúar 1999, þar sem ráðuneytið vísar í umsögn sína frá 30. október 1998 og ítrekar þau sjónarmið sem þar koma fram.

4.

Með bréfi, dags. 1. febrúar 1999, var eiganda umræddra gleraugnaverslana send gögn málsins. Jafnframt var hann beðinn að veita upplýsingar um hvernig viðskipti með gleraugu færu fram í verslun hans í flugstöðinni og tengsl verslunarinnar við verslanir hans utan svæðisins. Svar barst, dags. 17. febrúar. Þar segir m.a. að öll viðskipti verslunarinnar í fríhöfninni fari fram í fríhöfninni og hvergi annars staðar. Eigi það bæði við um greiðslu fyrir þá vöru sem keypt er og afhendingu hennar. Ef um sé að ræða styrkleikagleraugu sem þurfi að útbúa fyrir viðskiptavin sé annað hvort farið eftir gleraugnaseðli (recepti) eða styrkleiki sé mældur eftir gleraugum, sem viðskiptavinurinn hefur meðferðis. Með fullkomnum tækjabúnaði og góðum sjónglerjalager útbúi verslunin auðveldlega gleraugu á innan við 15 mínútum, sem sé ný tækni í gleraugnaþjónustu á Íslandi, og forsenda þess að hægt sé að selja styrkleikagleraugu í fríhöfninni. Hvað varði tengsl við verslanirnar utan fríhafnar-svæðisins þá bjóði þessar þrjár verslanir í stórum dráttum upp á sömu vörumerki. Algengt sé, að fólk sem er á leið til útlanda skoði vörur, sem það hafi hug á að kaupa á fríhafnar-svæðinu, í verslunum utan svæðisins. Þetta eigi einnig við um vörur í þessum verslunum, en að öðru leyti tengist viðskipti í verslunum utan fríhafnar-svæðisins ekki viðskiptum verslunarinnar á fríhafnar-svæðinu.

Ennfremur segir að vangaveltur Samtaka verslunarinnar um að það virðist ekki vera nauðsynlegt fyrir kaupandann að vera sjálfur á leið um fríhafnar-svæðið, heldur geti hann látið einhvern annan nálgast vöruna fyrir sig, sé með öllu óskiljanlegar. Sá aðili sem komi, kaupir og greiðir fyrir vöru sé kaupandi vörunnar. Ef einhver annar en kaupandi vörunnar sé neytandi hennar komi það viðskiptunum ekkert við. Ef Samtök verslunarinnar telji að starfsemi

verslunarinnar brjóti í bága við samkeppnislög hljóti það sama að eiga við um alla aðra verslun í friðhöfninni, bæði einka- og ríkisrekna.

Frá Kaupmannasamtökum Íslands, sem gæta hagsmuna umræddra gleraugna-
verslana, barst til Samkeppnisstofnunar, 10. mars sl., ódagsett yfirlýsing frá
deildarstjóra hjá tollgæslunni á Keflavíkurflugvelli. Þar segir deildarstjórinn að
hann hafi tímamælt afgreiðslu á gleraugum fyrir brottfararfarþega í gleraugna-
versluninni Optical Studio. Slípun glerjanna hafi tekið 7 mínútur og hafi
gleraugun þá verið tilbúin til afhendingar.

5.

Umsagnir utanríkisráðuneytisins og fjármálaráðuneytisins voru sendar
Samtökum verslunarinnar til athugasemda með bréfi, dags. 1. febrúar 1999.
Svar barst frá samtökunum, dags. 24. febrúar. Þar segir m.a. að bæði umgjarðir
og gler séu tollfrjáls, en hins vegar sé greiddur af þeim virðisaukaskattur. Í
framhaldi af flutningi á tollafgreiddri vöru til fríhafnarsvæðisins geti fyrirtækið
dregið virðisaukaskattinn frá sem innskatt við endanlegt uppgjör á virðisauka-
skatti. Samtökin draga í efa að hægt sé að fullgera gleraugu á 15 mínútum. Þeir
sem kaupi sér ný gleraugu viti að það tekur í flestum tilvikum nokkra daga að
fá fullgerð gleraugu. Það sé meginregla að því er varðar verslun á fríhafnar-
svæðum að þar fari fram verslun með vörur en ekki iðnaðarframleiðsla.

Ennfremur segir: „Því hefur verið haldið fram, vegna ábendinga samtakanna
til tollyfirvalda, að það sé ekki í verkahring verslunareigenda í flugstöðinni að
hafa eftirlit með því að gjaldskyld vara sé flutt til landsins án þess að af henni
séu greidd lögboðin gjöld. Gleraugu eru dýr vara og í mörgum tilvikum má
fullyrða að verðmæti þeirra fari yfir þau gjaldfrelismörk sem reglugerð um
tollfrelsi farangurs ferðamanna kveður á um. Það má hins vegar vekja athygli
á að það er skylda hins almenna borgara að gera yfirvöldum viðvart um brot á
lögum og reglum. Væntanlega eru tollyfirvöld ekki í stakk búin til að skoða
allar þær vörur sem fluttar eru til landsins af farþegum og gleraugu þess eðlis
að í flestum tilvikum er ekki möguleiki á að meta hvort um ný eða gömul er að
ræða, t.d. ef þau eru á nefi viðkomandi farþega. Það má því fullyrða að
innflutningur þessi og vanefni til að koma í veg fyrir gjaldfrjálsan innflutning
gjaldskyldrar vöru fari fram í skjóli leyfis sem yfirvöld hafa veitt einum aðila
og gefur það augaleið að það hlýtur að skekkja samkeppnisstöðuna í
viðskiptum með þessa tilteknu vörutegund.“

6.

Athugasemdir gleraugnaverslunarinnar, dags. 17. febrúar 1999, voru sendar til Samtaka verslunarinnar með bréfi, dags. 22. febrúar. Ekki voru gerðar athugasemdir af hálfu samtakanna.

Með bréfi, dags. 25. febrúar 1999, voru utanríkisráðuneytinu sendar athugasemdir Samtaka verslunarinnar, dags. 24. febrúar. Svar barst, dags. 8. mars, þar segir m.a. að skoðun efnis til gleraugnagerðar er berst gleraugnaversluninni í Flugstöð Leifs Eiríkssonar fari þannig fram að sendingar séu opnaðar af tollgæslu, sem telur innihald þeirra og ber merkingar á umbúðum saman við lýsingu í tollskjölum. Sérþekking á gleraugnaiðnaði sé því ekki nauðsynleg við þetta verk.

7.

Með bréfi, dags. 12. mars 1999, var aðilum málsins tilkynnt að gagnaöflun í málinu væri lokið og málið yrði í framhaldi af því lagt fyrir samkeppnisráð. Sendur var listi yfir gögn málsins og Samtökum verslunarinnar voru sendar, til upplýsinga, athugasemdir utanríkisráðuneytisins, dags. 8. mars, og fyrirnefnd umsögn deildarstjóra hjá tollgæslunni á Keflavíkurflugvelli.

II.

Niðurstöður

1.

Á fundi samkeppnisráðs, þann 12. maí 1999, var ákvörðun tekin í máli þessu. Fundinn sátu Brynjólfur Sigurðsson, Atli Freyr Guðmundsson, Karitas Pálsdóttir, Ólafur Björnsson og Skarphéðinn Þórisson.

Í því máli sem hér er til umfjöllunar óska Samtök verslunarinnar eftir því að samkeppnisyfirvöld kanni hvort starfsemi gleraugnaverslunarinnar Optical Studio, sem rekin er í fríhöfninni í Flugstöð Leifs Eiríkssonar, samræmist ákvæðum samkeppnislaga. Málavextir eru þeir að eigandi Optical Studio rekur einnig gleraugnaverslanir í Reykjavík og Keflavík. Samtökin halda því fram að farþegum sem leið eigi um fríhöfnina hafi verið boðið að velja sér umgjardir og gler í annarri hvorri versluninni utan fríhafnarinnar en fá gleraugun afhent fullbúin í fríhafnarversluninni gegn greiðslu þar. Einnig geti farþegar afhent gleraugnaseðla í fríhafnarversluninni, greitt fyrir gleraugu og tekið þau á

heimleið eða síðar í verslun utan svæðisins. Öll þessi viðskipti fari fram skattfrjálst. Þannig sé samkeppnisstaða verslunarinnar á fríhafnarsvæðinu og þeirra verslana, sem eru í beinum tengslum við hana, en utan fríhafnarsvæðisins, betri heldur en annarra gleraugnaverslana, sem ekki geti boðið viðskiptavinum sínum skattfrjáls viðskipti.

Samkvæmt umsögn utanríkisráðuneytisins kemur 94. grein tollalaga í veg fyrir að hægt sé að flytja vörur til og frá frísvæði án þess að tilkynna það viðkomandi tollyfirvöldum. Tollyfirvöld fari vandlega yfir öll skjöl sem varða slíkan flutning. Auk þess sé vandséð hvaða hagræði verslunareigandi hafi af því að flytja inn á frísvæðið varning, sem hann hafi þegar fengið tollafgreiddan og greitt öll gjöld af. Ennfremur segir utanríkisráðuneytið að í lögum sé ekkert sem komi í veg fyrir að að viðskiptavinir verslana í flugstöðinni skoði varning í verslunum utan fríhafnarinnar, en kaupi vöruna við brottför eða komu í flugstöðinni vegna þess að verðið sé hagstæðara þar.

Í umsögn utanríkisráðuneytisins segir einnig að mögulegt sé að verslanirnar í Keflavík eða Reykjavík taki við tilvísunum frá augnlækni, tilvísanirnar yrðu þá færðar í flugstöðina og gleraugun búin til þar. Um þetta atriði geti verslunareigandinn einn upplýst.

Samkvæmt gögnum málsins fullyrðir eigandi umræddra gleraugnaverslana að öll viðskipti verslunarinnar í fríhöfninni fari fram í fríhöfninni og hvergi annarsstaðar. Eigi það bæði við um greiðslu fyrir þá vöru sem keypt er og afhendingu hennar. Ekki var gerð athugasemd við þessa fullyrðingu af hálfu Samtaka verslunarinnar.

Eigandinn upplýsir einnig að þessar þrjár verslanir bjóði í stórum dráttum upp á sömu vörumerki og algengt sé að fólk á leið til útlanda skoði vörur, sem það hafi hug á að kaupa á fríhafnarsvæðinu, í verslunum hans utan svæðisins. Einnig kemur fram að verslunin í fríhöfninni eigi tækjabúnað sem geri það mögulegt að útbúa gleraugu á innan við 15 mínútum.

2.

Markmið samkeppnislaga er að efla virka samkeppni í viðskiptum og þar með að vinna að hagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins. Samkeppnisráð telur að sú háttsemi neytenda að skoða vörur í gleraugnaverslununum tveimur utan fríhafnarsvæðisins, með það í huga að eiga viðskipti við verslunina á fríhafnarsvæðinu, fari ekki gegn markmiðum samkeppnislaga. Það er staðfest í

gögnum málsins að gleraugnaverslunin Optical Studio getur afgreitt gleraugu á innan við 15 mínútum og er því fær um að þjóna neytendum, sem leið eiga um fríhöfnina í flugstöðinni og hafa í flestum tilvikum takmarkaðan tíma.

3.

Markaður er, skv. 4 gr. samkeppnislaga, sölusvæði vöru og staðgengdarvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgengdarþjónustu. Þeir neytendur, sem heimild hafa til þess að kaupa tollfrjálst í fríhöfninni, þar sem gleraugnaverslunin Optical Studio er staðsett, eru brottfararfarþegar og farþegar sem millilenda í Keflavík á leið til annarra áfangastaða. Það er mat samkeppnisráðs að markaðurinn sem Optical Studio starfar á sé viðskipti við þessa kaupendur. Samkeppnisaðilar séu verslanir í fríhöfnum og aðrir þeir, sem geti boðið tollfrjálsan varning og farþegar hafa tækifæri til þess að eiga viðskipti við á ferðum sínum.

Með vísan til þess sem að framan segir er það mat samkeppnisráðs að gleraugnaverslunin Optical Studio í Flugstöð Leifs Eiríkssonar sé ekki í beinni samkeppni við gleraugnaverslanir á Íslandi utan fríhafnarinnar. Ekki hefur verið sýnt fram á að í gleraugnaverslunum í eigu sama aðila, sem staðsettar eru utan fríhafnarinnar, fari fram viðskipti sem brjóta gegn markmiðum samkeppnislaga, eða að samkeppnisstaða umræddra verslana sé betri heldur en annarra verslana, sem starfa á sama markaði.

III.

Ákvörðunarorð:

„Ekki eru efni til frekari afskipta samkeppnisráðs í þessu máli.“